



Minnisblað

Viðtakandi Allsherjar- og menntamálanefnd **Dagsetning** 14.11.2023
Sendandi Mennta- og barnamálaráðuneyti **Málsnúmer** MRN23110239

Vegna flutnings verkefna og fjárheimilda frá Menntamálastofnun til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og mennta- og barnamálaráðuneytis í frumvarpi til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (154. lögb., 238. mál)

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 17. október sl. óskaði nefndin eftir því að mennta- og barnamálaráðuneyti tæki saman minnisblað með greiningu á því hvert verkefni Menntamálastofnunar fara í kjölfar niðurlagningar stofnunarinnar lögð er til í frumvarpi til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Nánar tiltekið er óskað eftir greiningu á því hvaða verkefni fara þá til nýrrar Miðstöðvar menntunar- og skólaþjónustu og hvaða verkefni lenda annarsstaðar.

Í fylgiskjali I er yfirlit yfir lögbundin verkefni Menntamálastofnunar sem verða falin öðrum en Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Önnur lögbundin verkefni Menntamálastofnunar fara til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu en áherslubreyting verður á mörgum þeirra verkefna eins og nánar er fjallað um hér á eftir. Engin verkefni sem nú eru með lögum falin Menntamálastofnun verða lögð niður.

Til nánari skýringar á yfirfærslu eru eftirfarandi upplýsingar um forsendur yfirfærslu fjárheimilda.

Rekstur Menntamálastofnunar 2023

Þjónustusvið: 250.000.000.-

Matssviðs: 271.000.000.-

Miðlunarsvið: 438.000.000.-

Greiningarsvið og stjórnsýsla: 132.000.000.-

Skrifstofa forstjóra 93.000.000.-

Samtals: 1.184.000.000.-



Minnisblað

Forsendur yfirfærslu

Stærsti einstaki hluti fjárheimilda Menntamálastofnunar fer í miðlunarsvið, en í námsefnisútgáfu grunnskóla eru lagðar sem nemur u.þ.b. 7.000 kr. á hvert grunnskólabarn á ári. Þessar fjárheimildir verða fluttar til nýrrar stofnunar og er ætlað að standa þar undir kostnaði vegna námsgagna (b-liður 1. mgr. 3. gr. frv.) Fjárheimildirnar standa undir verkefninu eins og Menntamálastofnun hefur sinnt því hingað til. Þá stendur yfir stefnumótun vegna breytinga á fyrirkomulagi við útgáfu námsgagna. Breytingarnar eru ekki fullmótaðar og gert ráð fyrir að Alþingi muni fjalla um þær síðar á þessu þingi, þar á meðal taki afstöðu til þess hvort frekari fjárheimildir þurfi fyrir breytt fyrirkomulag.

Fjárheimildir sem farið hafa í rekstur matssviðs Menntamálastofnunar hafa staðið undir samræmdum könnunarprófum og þróun annarra matstækja. Þar hefur jafnframt farið fram úrvinnsla gagna, ytra mat og fleira. Gert er ráð fyrir að stór hluti þessara fjárheimilda verði fluttar til nýrrar stofnunar og renni þar í nýtt þjónustumiðað matssvið þar sem fram fer þróun matstækja sem er ætlað að meta stöðu og framfarir nemenda (c-liður 1. mgr. 3. gr. frv.) Lagaramminn um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er frábrugðinn lagarammanum um Menntamálastofnun að þessu leyti, veruleg uppstokkun verður á verkefnum og störf sem tilheyra þessu sviði að miklu leyti ný.

U.þ.b. 15% fjárheimilda sem nú er varið til matssviðs munu flytjast til mennta- og barnamálaráðuneytis og fara þar til eftirlits og ytra mats með skólastarfi, en gert er ráð fyrir frekari endurskipulagningu eftirlits með skólastarfi. Þá er gert ráð fyrir flutningi fjárheimilda vegna verkefna sem er nú að mestu sinnt af greiningarsviði til mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna lögbundinna stjórnsýsluverkefna sem Menntamálastofnun hefur sinnt og eru flutt til ráðuneytisins samkvæmt frumvarpinu, sjá fylgiskjal I, (sjá viðeigandi ákvæði í 9. gr. frv.). Í því sambandi er unnið að heildarendurskoðun eftirlits með skólastarfi þar sem gert er ráð fyrir samþættingu við önnur eftirlitsverkefni og samlegð, m.a. við verkefni starfsmanna sem þegar starfa í ráðuneytinu. Sama á við um stjórnsýsluverkefni og má gera ráð fyrir breytingum á störfum einhverra starfsmanna sem þegar vinna hjá ráðuneytinu í tengslum við þessa uppstokkun, þar á meðal fjórum sérfræðingum sem vinna að greiningum í ráðuneytinu. Alls er gert ráð fyrir flutningi fjárheimilda sem nema 11,5 stöðugildum, 143.750.000 vegna tíu mánaða ársins 2024, til mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir Menntamálastofnunar sem eftir standa flytjist til nýrrar stofnunar. Fjárheimildir sem nú renna til skrifstofu forstjóra muni renna til yfirstjórnar nýrrar stofnunar sem verður byggð upp frá grunni í nýrri stofnun. Fjárheimildir sem nú renna til verkefna sem hefur verið sinnt af þjónustusviði, sem eru að mörgu leyti illa skilgreind, fá skýrari umgjörð og markmið í a-lið 1. mgr. 3. gr. frv. Þjónustustörfin verða skilgreind upp á nýtt með aukinni áherslu á að starfsfólk hafi þekkingu á starfi á vettvangi skóla og færni til að eiga bein samskipti við vettvanginn. Til viðbótar við þessar föstu fjárheimildir er gert ráð fyrir því sérstökum fjárveitingar, sem veitt hefur verið til



Minnisblað

Menntamálastofnunar af safnliðum mennta- og barnamálaráðuneytis t.d. vegna landsteymis um farsæld barna, verði varið til slíkra verkefna ásamt innleiðingu stefnumótunar skv. d-lið 1. mgr. 3. gr. frv. Gert er ráð fyrir að áhersla nýrrar stofnunar verði á að veita þjónustu sem krefst miðlægrar sérhæfingar og getur nýst skólakerfinu í heild, t.d. stuðning við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og viðbrögð skóla við ofbeldi. Þessi áhersla kallar jafnframt á störf séu skilgreind sérstaklega út frá þekkingu á þessum atriðum.